

Yfirlit yfir lög og reglur LH er breytinga þörf?

Laganefnd hefur haft til skoðunar lög og reglugerðir um keppni á vegum LH, með það að sjónarmiði hvort þörf sé að uppfæra lögin eða gera e-h breytingar á þeim. Kveikjan að þessari vinnu hefur verið tilvísun laganna til FIPO reglna, en í gr. 8.1 segir að „leggja skuli FIPO reglurnar til grundvallar við skipulagningu, innlendra og annarra viðburða sem varða íslenska hestinn.“

Vinna þessi er enn á undirbúningsstigi, en ljóst er að það þarf að taka stefnumarkandi afstöðu til ýmissa atriða varðandi þessa vinnu. Á þessu stigi hafa komið upp nokkrar spurningar sem vert er að velta fyrir sér áður en ráðist verður í gerð tillagna að breytingum.

Ljóst er að hafa verður samráð við keppnisnefnd, aganefnd o.fl. við endurskoðun laganna.

Lög og reglur LH (hér eftir sameiginlega lög LH) eru í 8 köflum auk viðauka

1. Kafli - Lög Landssambands hestamannafélaga (LH)
2. Kafli - Agareglur
3. Kafli - Almenn ákvæði fyrir gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar
4. Kafli - Reglugerð um flokkaskiptingu og keppnisgreinar í aldursflokkum
5. Kafli - Reglugerð fyrir Íslandsmót
6. Kafli - Reglur um undirbúning og framkvæmd Landsmóta
7. Kafli - Reglugerðir um gæðingakeppni
8. Kafli - Íþróttakeppni FIPO

Hver hefur vald til þess að setja ný lög eða gera breytingar á þeim

Lögin eru um margt nokkuð sundurleit og óljóst a.m.k. varðandi suma kafla þeirra, hvort það er landsþing, stjórn eða aðrir innan LH sem hafa heimild til að breyta þeim eða setja ný lög og reglur.

Litlar leiðbeiningar eru um það í lögum LH hvaða greinarmun skuli gera milli laga, reglugerða og reglna, þ.e. með tilliti til þess hver getur breytt þeim eða sett ný lög. Í 3ja kafla laganna nánar tiltekið í gr. 3.6, er fjallað um tilkynningu til aðildarfélaganna um breytingar á lögum LH, en þar segir orðrétt:

“Lagabreytingar og breytingar á reglugerðum, sem samþykktar eru á ársþingi LH, skulu berast til aðildarsambanda og formanna félaganna í síðasta lagi í mars ár hvert. Þá skal stjórn LH senda með fundargerðum sínum samþykktir og reglugerðir, sem hún samþykkir milli ársþinga.”

Með vísan til ofangreinds, má álykta að landsþing LH gæti alltaf (að gættum reglum þar um) breytt lögum og reglugerðum LH. Þá virðist ofangreind lagagrein einnig benda til þess að stjórnin hafi vald til að setja nýjar samþykktir og reglugerðir, þó engar aðrar leiðbeiningar séu um það í lögnum.

Stundum kveða reglurnar sjálfar á um það hver hafi heimild til breytinga á þeim. Sem dæmi má nefna 6. kafla laganna „reglur um undirbúning landsmóta“. Í grein 6.8 segir orðrétt, „Reglum þessum má breyta á landsþingi LH með venjulegum undirbúningi.“ Þannig að hér er klárlega gert ráð fyrir því að einungis landsþing LH megi breyta þessum reglum.

Er nauðsynlegt í öllum tilvikum að breytingar á lögum LH séu aðeins teknar á landsþingi? Er t.d. nauðsynlegt að uppfærsla á keppnisreglum taki ekki gildi nema hún sé borin upp og samþykkt á landsþingi? Væri nægjanlegt varðandi breytingar á sumum reglum LH að það

VINNUSKJAL FYRIR STARFSFUND STJÓRNAR

væri stjórn sem væri bær til þess að samþykkja eða taka ákvörðun um breytingar á þeim, eftir atvikum þá í samráði við viðkomandi fagnefnd innan LH?

Það sem taka þarf afstöðu til eru þá eftirtalin atriði:

1. Eiga að gilda sömu reglur um breytingu á lögum LH annars vegar og öðrum reglugerðum og reglum LH t.d. keppnisreglum hinsvegar? Með öðrum orðum er nauðsynlegt að landsþing LH fjalli um t.d. breytingar á reglum um íþróttakeppni, eða er fullnægjandi að slíkar breytingar séu samþykktar af stjórn og t.d. keppnisnefnd LH?

Eru e-h reglur um keppni, t.d. reglur um leyfilegan búnað, lyfjanotkun o.fl. sem nauðsynlegt er að landsþing fjalli um og taki afstöðu til, en ekki aðeins stjórn.

2. Varðandi lið 1 verður af hafa í huga að í gr. 8.1. í lögum LH segir “leggja skal FIPO reglurnar til grundvallar við skipulagningu alþjóðlegra, innlendra og annarra viðburða sem varða íslenska hestinn.” FIPO reglurnar voru að vísu aflagðar í mars 2016 og eru reglur þessar nú birtar sem FEIF reglur og hefur verið við það miðað við framkvæmd laganna en breyta þarf þessari tilvísun. Samkvæmt þessu er spurning hvaða erindi breytingar á íþróttakeppnisreglum eiga inn á landsþing, þar sem LH hefur þegar sem aðili að FEIF skuldbundið sig til að fara eftir þessum reglum.

Sú leið sem virðist hafa verið farin á sínum tíma sbr. 8 kafla laganna er að setja íslenskar reglur sem hafa þá væntanlega verið þýðing á þágildandi FIPO reglum. Ljóst er að 8 kafli íslensku laganna um FIPO reglurnar eru ekki í fullu samræmi við FEIF reglurnar eins og þær eru í dag.

Það er því nauðsynlegt að uppfæra þessar reglur til samræmis við núverandi reglur FEIF.

Laganefnd vekur athygli á eftirfarandi orðalagi í reglum FEIF:

“2) Regulations and Rules

- This document contains the complete set of the FEIF Regulations and Rules valid for all departments and the current version is always published on www.feif.org.
- Any changes to the Regulations are subject to approval by the FEIF Board.
- Any changes to the Rules are subject to approval by the annual FEIF Delegates´ Assembly.
- Rules are valid from the 1st of April to the 31st of March of any given year.
- **All Rules and Regulations apply in all member countries of FEIF and supersede national rule**
- Specific rules governing sport and breeding are found in the chapters: 'sport rules' and 'breeding rules'. Further regulations on education, youth work (and leisure riding) are found in the respective sections”

Miðað við ofangreindar reglur FEIF virðist LH sem aðili af FEIF hafa skuldbundið sig til að fylgja reglum FEIF á íþróttamótum á Íslandi. Sumir myndu velta því fyrir sér hvort málum sé

VINNUSKJAL FYRIR STARFSFUND STJÓRNAR

rétt komið fyrir með þessum hætti, en þetta er væntanlega atriði sem þáverandi stjórn LH hefur metið vænlegast á þeim tíma.

Ef vilji er til þess að leggjast í þá vinnu að breyta lögum LH mætti hugsa sér að vinna út frá eftirfarandi fyrirkomulagi.

Annars vegar væri um að ræða lög LH sem aðeins mætti breyta á landsþingi. Síðan væru settar reglur með stoð í þeim lögum.

Lög og reglur LH væru þá regnhlíf yfir alla starfsemi LH. Lögin hefðu að geyma þær reglur sem fram koma í 1. kafla laganna í dag, þ.e. reglur um aðild að LH, stjórn LH, stjórnskipulag, landsþing, tilgang LH, formannafundi, fjármál o.fl. Þá hefðu lögin einnig að geyma reglur um félagaskipti, agaviðurlög, agadómstól, almennar reglur, gildistöku laga og reglna LH og reglur um breytingar á lögum og reglum LH. Þá myndu lögin fjalla almennum orðum um þær keppnir sem stundaðar eru innan LH þ.m.t. landsmót, íslandsmót, íþróttamót og gæðingakeppni en nánari útfærsla á þessum keppnum yrði svo sett í sérstakar reglur.

Breyting á lögnum yrði ávallt bundin við samþykki landsþings, en taka þarf afstöðu til þess hvort sama þurfi að eiga við um aðrar reglur LH, t.d. eins og keppnisreglur. Hver er bær til að breyta þeim reglum, landsþing, eða eftir atvikum stjórn og viðkomandi fagnefnd innan LH. Eins þarf að huga að því hvar ákvæði varðandi leyfilegan beislabúnað, annan búnað hrossa, lyfjamisnotkun o.fl. eiga heima. Ákvæði um þetta eru í reglum FEIF en þar sem þær reglur eiga bara við um íþróttakeppni er ljóst að þær taka þar með ekki til gæðingakeppni.

Þó svo að stjórn yrði falin heimild til að breyta keppnisreglum eða uppfæra í samræmi við breytingar á FEIF reglum, þ.e. að slíkar breytingar þyrftu ekki að fara fyrir landsþing, mætti vel hugsa sér að landsþing gæti samþykkt tillögu að breytingu á FEIF reglum, sem yrði þá borin upp af fulltrúa LH á FEIF þingi. Ákvæði um slíkt yrði þá í lögum LH.

Ljóst er að hér er alls ekki um tæmandi talningu að ræða, aðeins helstu atriði sem komið hafa upp við skoðun á núgildandi lögum LH.

Laganefnd

Ólafur Haraldsson, formaður
Ingi Tryggvason, meðstjórnandi
Sigurður Guðmundsson, meðstjórnandi